

Pétur Ingi Haraldsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík 10. febrúar 2015  
UST201502-061

**Reykholt í Bláskógbabyggð. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi (fyrrum)  
Biskupstungnahrepps 2000 - 2012.**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. er barst 13. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu aðalskipulagi fyrrum Biskupstungnahrepps 2000 - 2012. Breytingin felst í því að nýr vegur er áætlaður frá aðkomu að skólastjórabústað að landi Eflingar í Reykholti.

**Áætluð framkvæmd**

Áætlað er að vegurinn er tillagan felst í verði um 220 m langur og 6 m breiður. Einnig kemur fram í breytingartillöggunni að 1320 m<sup>2</sup> lands munu fara undir veginn.

**Staðhættir**


Í dag er farið um veg er liggur að Reykholtshver til að komast að ofangreindu svæði Eflingar, en sá vegur þykir ekki henta sem aðkomuvegur vegna snjósöfnunar á vetrum.


Áætlað er að nýr vegur fari yfir hluta af 100 ha hverfisvernduðu svæði, sem er hverfisverndað til að varðveita votlendi. Hverfisverndarsvæðið mun minnka um 0,15 ha vegna hins nýja vegar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að forðast verði allt óþarfa rask.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda tillögu að breytingu á aðalskipulagi fyrrum Biskupstungnahrepps 2000 – 2012.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur